

Hafnarfjörður 5.des. 2018.

Efni: Uppbygging á félagslegum íbúðum.

Á fundi fjölskylduráðs þann 23. nóvember s.l. var lögð fram fyrirspurn frá fulltrúa Samfylkingar og einnig frá fulltrúa Sjálfstæðisflokks. Eftirfarandi er svar við umræddum fyrirspurnum:

Uppbygging á félagslegum íbúðum hjá Hafnarfjarðarbæ

Fyrirspurn frá fulltrúa Samfylkingar

1.Hver þarf fjölgunin á félagslegum íbúðum hjá Hafnarfjarðarbæ að vera til þess að bærinn nái landsmeðaltalinu upp á 10,5 íbúðir á hverja þúsund íbúa?

Það þyrftu að vera alls 313 íbúðir til að ná 10,5 íbúðum á 1000 íbúa.

Hafnarfjarðarbær á 253 íbúðir í félagslega kerfinu, einnig eru 5 íbúðir framleigðar og 4 íbúðir leigðar af ÍLS, alls 262 íbúðir miðað við 30/11 2018. Mannfjöldi í Hafnarfirði er 29.790 íbúar. Í dag er hlutfallið 8,8 íbúðir / 1000 íbúa, þegar tekið er með 9 eignir sem eru framleigðar og frá ÍLS.

2. Hver þarf fjölgunin á félagslegum íbúðum hjá Hafnarfjarðarbæ að vera til þess að bærinn nái meðaltali Reykjavíkurborgar upp á 15,5 íbúðir á hverja þúsund íbúa?

Það þyrftu að vera alls 462 íbúðir til að ná 15,5 íbúðum á 1000 íbúa.

3. Hvað vantar margar íbúðir inn í félagslega kerfið í dag svo hægt verði að úthluta íbúð til allra þeirra í biðlista sem teljast í brýnni þörf annars vegar og til þess að tæma núverandi biðlista hins vegar?

Í dag eru 114 umsóknir á biðlista og skiptast með eftirfarandi hætti eftir íbúðarstærð:

Stærð íbúðar	2. herb.	3. herb.	4. herb.	5. herb.
Fjöldi á biðlista	68	36	7	3

Hér er yfirlit yfir mat á umsóknum eftir félagslegu leiguhúsnæði. Þeir sem teljast í brýnni þörf ná 8-10 stigum á biðlista eða 68 umsóknir.

Stigafjöldi	10	9	8	7	6	5	4
-------------	----	---	---	---	---	---	---



Fjöldi umsókna	9	37	22	25	18	2	1
----------------	---	----	----	----	----	---	---

4. M.v. núverandi kauphraða á félagslegum íbúðum hversu langan tíma mun það taka fyrir Hafnarfjarðarbæ að ná núverandi landameðaltali hvað varðar fjölda félagslegra íbúða á hverja þúsund íbúa?

Á þessu ári eru keyptar 15 íbúðir, án mannfjöldaauknunar þá tekur það Hafnarfjarðarbæ þrjú og hálf ár að ná 10,5 íbúðum /1000 íbúa, og lengur ef tekið er tillit til fjölgunar íbúa.

5. M.v. núverandi kauphraða á félagslegum íbúðum hversu langa tíma mun það taka fyrir Hafnarfjarðarbæ að ná núverandi hlutfalli Reykjavíkurborgar um fjölda félagslegra íbúða á hverja þúsund íbúa?

Á þessu ári eru keyptar 15 íbúðir, án mannfjöldaauknunar þá tekur það Hafnarfjarðarbæ rúm 13 ár að ná 15,5 íbúðum /1000 íbúa og lengur ef tekið er tillit til fjölgunar íbúa.

6. Hefur núverandi meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks og óháðra einhver mælanleg markmið um fjölgun félagslegra íbúða í sveitarfélaginu, t.d. með að ná landsmeðaltali um fjölda félagslegra íbúða á hverja þúsund íbúa á næstu tveimur árum?

Fyrirspurn frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins

1. Hver yrði kostnaðurinn vegna aukningar á kaupum í þeim tilgangi til að fjölga félagslegum íbúðum í Hafnarfirði, til samræmis við önnur sveitarfélög? Miðað við 10,5 íbúðir á hverja 1000 íbúa á landsvísu.

Sjá svar að ofan (4), það er þrjú og hálf ár, miðað við núverandi kauphraða, eða um 1750 milljónir króna

Bestu kveðjur,
Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis-og skipulagsþjónustu og Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar



HAFNARFJÖRÐUR